

Stúfur var í algjöru basli þennan morguninn. Hann hafði farið í ósamstæða sokka, brókina á röngunni og gleymdi pokaum í hellinum í Bláfjöllum. Hann tölta áfram eftir Reykjanesbrautinni. Hann var mjög dapur, því hann gæti aldrei farið aftur heim í hellinn til Grýlu mömmu sinnar og alla þrettán bræðra sinna með engan poka, því pokinn geymdi sannan jólaanda. Stúfur finnur heldur ekki sannan jólaanda í ósamstæðum sokkum. Hann var á leiðinni í Heiðarskóla í Keflavík þar sem var jólahátíð. Allan tímann meðan hann labbaði velti hann fyrir sér hvort að einhver væri að fylgjast með honum. Hann leit í kringum sig en sá engan og svo sneri hann sér í einn hring, klappaði höndunum, stappaði fótunum og sáði. Þá sá hann óhugnalegt andlit í myrkrinu. Hann stökk á bakvið Reykjanesbæjarmerkið og faldi sig. Hann var svoooooo hræddur að hann kallaði á mömmu sína. Þá heyrðist hljóð úr myrkrinu og andlitið færðist nær. Stúfur var farinn að gráta en ákvað að vera hugrakkur og kíkti á andlitið. Hann sá þá að þetta var bara Jólakötturinn. Stúfur sagði þá „hæ kisi minn, varst þetta bara þú allan tímann“. Jólakötturinn starði á hann og sagði svo „mjááááá ég vil koma með á jólahátíðina í Heiðarskóla“. Stúfur sagði Jólakettinum frá veseninu sem hann var í um morguninn og hann gæti ekki farið á jólahátíðina með engan jólaanda, þá færu allir krakkar í Heiðarskóla í jólafrí án þess að vera með sannan jólaanda. Þau myndu öll bara hætta við jólin. Jólakötturinn ákvað að koma með á jólahátíðina og hjálpa Stúfi að leita að jólaandanum. Þegar þeir voru komnir í Skrúðgarðinn þá hittu þeir Maríu aðstoðarskólastjóra í Heiðarskóla. Hún var mjög hissa að sjá Stúf með Jólaköttinn því Jólahátíðin væri alveg að byrja. Jólakötturinn og Stúfur voru mjög leiðir og sögðu Maríu frá því að pokinn með jólaandanum hefði gleymst í hellinum og þeir myndu mæta á jólahátíðina með engan jólaanda. Maríu fannst þetta

hrikalegt og bauðst til að skutla þeim í Heiðarskóla á svarta Lambourghininum sínum. Þeir gætu alveg mætt á jólahátíðina án þess að vera með poka. María sagði „Börnin í Heiðarskóla eru mjög prúð og stillt“. María, Stúfur og Jólakötturinn brunuðu af stað. María keyrði eins og kappakstursbílstjóri. Þegar þau voru komin á Nónvörðuna þá sprakk eitt dekk á bílnum. Þau þurftu að hlaupa alla leið í Heiðarskóla. Á leiðinni lentu þau í rauðri viðvörun, snjókomu og eldingum. Stúfur var svo hræddur að hann prumpaði og það kom rosalega stórt fýluský. Þau settust upp á skýið og fuku upp í Heiðarskóla. Þegar þau komu í Heiðarskóla þá var jólaballið búið. Börnin voru öll mjög leið og sorgmædd. Stúfur fann Lóu skólastjóra og fór að segja henni frá veseninu sem hann og kisi lentu í á leiðinni og hann hafi gleymt pokanum í hellinum. Stúfi þykir mjög leiðinlegt að sjá öll börnin svona sorgmædd, því í pokanum væri sannur jólaandi. Þá sagði Lóa „jólaandinn er ekki í pokanum þínum heldur í hjörtunum á okkur öllum“. Þá varð Stúfur glaður og fór upp á svið, tók míkrafóninn og fór að syngja “er það brúða eða bíll, bók eða lest...”. Þá varð Ragnheiður kennari ofsalega glöð og söng hátt með og öll börnin í Heiðarskóla byrjuðu að brosa og syngja með. Það er nefnilega ekki hægt að syngja þegar maður er sorgmæddur. Stúfur sá öll fallegu brosin og öll börnin í Heiðarskóla fundu sannan jólaanda. Endir.

Krummi Snær 3.RG